

um endurskoðun á lögum um friðun Þingvalla.

Flm.: Magnús Kjartansson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela náttúruverndarráði og þjóðminjaverði að endurskoða lög nr. 59 frá 7. maí 1928, um friðun Þingvalla, og semja frumvarp um breytingar á þeim lögum. Tilgangur endurskoðunarinnar skal vera sá að tryggja, að náttúruverndarsjónarmið móti allar framkvæmdir á Þingvöllum, m. a. skulu sett ákvæði, sem mæla svo fyrir, að sumarbústaðir einstaklinga skuli fjarlægðir af því svæði, sem lögin ná til, innan ákveðins tíma og samkvæmt tilteknum reglum. Á meðan endurskoðun laganna fer fram, felur Alþingi Þingvallanefnd að banna byggingarframkvæmdir og jarðrask á vegum einstaklinga á öllu því landi, sem talið er upp í 2. og 3. grein laga um friðun Þingvalla.

Greinargerð.

Lögin um friðun Þingvalla hafa nú verið í gildi í nær fjóra áratugi og tímaþætt að endurskoða þau í ljósi fenginnar reynslu. Á þeim tíma hafa samgöngur breytt þannig, að segja má, að Þingvellir séu nú við bæjardyr Reykvíkinga, enda aukast mannaferðir um hið friðlýsta svæði ár frá ári. Nauðsynlegt er að setja fastari reglur en þær, sem nú eru í gildi, bæði til þess að tryggja almenningi sem bezt not af hinum friðlýsta helgistað og vernda náttúru og sögustaði fyrir spjöllum.

Í lögum þeim, sem nú gilda, er Þingvallasvæðinu skipt í tvennt, annars vegar hið friðhelga land, eins og það er afmarkað í 2. gr. laganna, og hins vegar næsta nágrenni þess. Ástæðan til þessarar skiptingar var sú, að ríkið hafði ekki tryggt sér eignarrétt á landinu öllu, en tilgangur löggjafans var auðsjáanlega sá, að hið friðhelga land yrði smátt og smátt stækkað með kaupum á jörðum eða eignarnámi. Er nú orðið tímabært, að endanlega verði gengið frá mörkum hins friðhelga lands og sömu reglur látnar gilda á svæðinu öllu.

Sú ósvinna hefur viðgengizt allt fram á þetta ár, að einstaklingar hafa fengið að reisa sumarbústaði á Þingvallasvæðinu, en sú tilhögun brýtur gersamlega í bága við nútímahugmyndir um þjóðgarða og þau fyrirmæli laganna, að Þingvellir við Óxará og grenndin þar skuli vera „friðlýstur helgistaður allra Íslendinga. . . Hið friðlýsta land skal vera undir vernd Alþingis og ævinleg eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.“ Því er hér lagt til, að í hinum endurskoðuðu lögum verði ákvæði, sem mæli fyrir um, að þessir einkabústaðir skuli fjarlægðir innan ákveðins tíma og samkvæmt tilteknum reglum. Jafnframt er lagt til, að þegar í stað verði bannaðar framkvæmdir við þá sumarbústaði, sem nú síðast hafa verið leyfðir í landi Gjábakka.

Hugmyndir um náttúruvernd hafa skýrzt mikið á undanfórnum árum og nauðsyn náttúruverndar aukizt. Alþingi Íslendinga hefur sýnt skilning sinn á því viðfangsefni með lögum um náttúruvernd, sem samþykkt voru 1956. Hér er lagt til, að náttúruverndarráð vinni að endurskoðun laga um friðun Þingvalla, til þess að tryggj sé fullt sambengi í fyrirmælum um náttúruvernd. Jafnframt er lagt til, að þjóðminjavörður vinni að endurskoðun laganna til þess að tryggja sem bezt verndun sögustaða og fornminja. Alþingi mun svo að lokum fjalla um tillögur þessara aðila og rækja það hlutverk sitt að tryggja ævinlega vernd helgasta sögustaðar Íslendinga.